

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 29. nóvember 2013 í máli nr. S-345/2013:

Ákærvaldið

(Hulda Elsa Björgvinsdóttir saksóknari)

gegn

Stefáni Þór Jansen

(Bjarni Eiríksson hdl.)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 21. nóvember síðastliðinn, var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 10. maí síðastliðinn, á hendur Stefáni Þór Jansen, kt. 000000-0000, [...], „fyrir kynferðisbrot gegn A, kt. 000000-0000, með því að hafa þann 24. febrúar 2011, í samskiptum við stúlkuna á netinu, fengið hana til að hitta sig í kynferðislegum tilgangi gegn greiðslu, sótt hana á bifreið sinni og farið með hana á heimili sitt að [...], og þar sleikt kynfæri hennar og greitt henni 25.000 kr. fyrir.

Telst þetta aðallega varða við 1. mgr. 202. gr., sbr. 204. gr. og 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 3. mgr. 202. gr. og 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Brotapoli gerði bótakröfu á hendur ákærða og var henni skipaður réttargæslumaður. Í þinghaldi 31. október féll þingsókn niður af hennar hálfu en réttargæslumaðurinn hafði áður upplýst dóminn um að ákærði hefði greitt bætur og þóknun réttargæslumanns.

Við þingfestingu neitaði ákærði sök og eins gerði hann við upphaf aðalmeðferðar. Í framangreindu þinghaldi upplýsti verjandi ákærða, en ákærði sótti ekki þing, að

ákærði hygðist játa sök að hluta til eins og rakið verður hér á eftir. Ákærði krefst vægustu refsingar og að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

II

Í þinghaldi 21. nóvember viðurkenndi ákærði ákæruefnið rétt, nema hvað varðaði aldur brotþola. Hann kvaðst hafa haldið að hún væri tæpra 18 ára gömul. Hann hefði spurt hana um aldur í tölvusamskiptunum og hún þá sagst vera á þessum aldri og eins hefði hann spurt hana um aldur þegar hann sótti hana og fengið sama svar. Brotþoli hefði sagst vera 17 ára að verða 18. Hann kvaðst hafa spurt hana aftur til að vera viss um aldur hennar. Hann kvað aldrei hafa hvarflað að sér að hún væri yngri. Þá hefði komið fram hjá henni að hún hefði gert þetta áður.

Með játningu ákærða sem styðst við önnur gögn málsins er sannað að hann var í samskiptum við brotþola og hafði við hana kynmök sem hann greiddi henni fyrir, eins og honum er gefið að sök í ákæru. Ákærði heldur því hins vegar fram að hann hafi ekki vitað um raunverulegan aldur brotþola. Meðal gagna málsins er endurrit af tölvupóstsamskiptum ákærða við brotþola. Þar kemur fram að hann spyr hana hversu gömul hún sé og hún svarar að hún sé 17 ára. Fyrir dómi bar hún að ákærði hefði spurt sig um aldur og hún hefði svarað að hún væri að verða 18 ára. Þegar ákærði átti þessi samskipti við brotþola var hún ekki orðin 14 ára. Dómsformaður tók af henni skýrslu fyrir dómi 24. október 2011 og var hún tekin upp á myndband sem dómarrar hafa skoðað. Það er álit dómsins að á þeim tíma hafi ekki verið hægt að slá því föstu, svo óyggjandi væri, að brotþoli væri yngri en 15 ára. Með vísun til þessa og þess, sem að framan var rakið um samskipti ákærða og brotþola, verður hins vegar að meta ákærða það til gáleysis að hafa ekki gengið úr skugga um aldur brotþola. Svar hennar um aldur sinn og útlit hennar gaf tilefni til þess. Samkvæmt þessu verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákærinni og varðar brot hans við 1. mgr. 202. gr., sbr. 204. gr. og 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða hefur ekki áður verið refsað. Við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til að hann játaði sakir samkvæmt ákæru að hluta til, að vísu ekki fyrr en eftir að fyrri hluta aðalmeðferðar lauk, og hann hefur greitt brotþola skaðabætur og kostnað lögmanns hennar. Samkvæmt þessu verður refsing hans ákveðin 15 mánaða fangelsi.

Ákærði verður dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir svo og þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi.

Dóminn kváðu upp héraðsdómarnir Arngrímur Ísberg, dómsformaður, Ragnheiður Harðardóttir og Símon Sigvaldason.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Stefán Þór Jansen, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Eiríkssonar hdl., 500.000 krónur, og þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi, Brynjars Níelssonar hrl., 125.500 krónur.

Arngrímur Ísberg

Ragnheiður Harðardóttir

Símon Sigvaldason